

Föstudaginn 5. marz 1954.

Nr. 162/1953. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson)
gegn

Albert Victor Meech (Lárus Fjeldsted).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og **prófessorarnir** Ólafur Jóhannesson og Ólafur Lárusson.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóm hafa upp kveðið Erlendur Björnsson bæjarfógeti og samdómsmennirnir Sveinlaugur Helgason og Þorgeir Jónsson.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimannaskólans markað á sjóupprátt m. a. staði varðskipsins kl. 13.48 og kl. 13.50 hinn 7. september 1953. Reyndist fyrirnefndi staðurinn vera 0.8 og hinn síðartaldi 0.2—0.3 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Með þessari athugasemd og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 2.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Albert Victor Meech, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 2.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðarkaupstaðar 8. sept. 1953.

Mál þetta er höfðað að fyrirlagi dómsmálaráðherra af ákæruvaldsins hálfu gegn Albert V. Meech, skipstjóra á brezka togaranum British, GY. 249, til refsingar fyrir brot gegn lögum nr. 81/ 1952, lögum nr. 5/1920, lögum nr. 82/1952, sbr. reglugerð nr. 21/1952 og lög nr. 44/1948, svo og til greiðslu sakarkostnaðar og til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara.

Ákærði er kominn yfir lögdaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 11. ágúst 1910. Hann hefur ekki, svo að vitað sé, áður sætt refsingu eða ákæru fyrir dómstólum hér.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Þór, sem ákærði hefur viðurkennt rétta, var atvikum þannig háttað:

Í gær var varðskipið á eftirlitsferð suður með landi úti af Borgarfirði eystra. Kl. 13.19 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Glettinganesviti

> 76° 45'

Borgir

Vegmælir 0.0.

> 50° 16'

Kögurviti

Siglt var þaðan 140° réttvísandi. Kl. 13.23 vegmælir 1.4. Þá siglt í 120° réttvísandi. Kl. 13.27 var sett upp stöðvunarmerki. Kl. 13.41 vegmælir 5.7. Þaðan stýrt 150° réttvísandi, og sást þá togari rétt á stjórnborða, og hélt hann frá landi. Var haldið að honum. Kl. 13.44 var skotið púðurskoti. Kl. 13.48 var stanzað í kjölvatni togarans og sett út dufl. Dýpi 70 metrar. Fjarlægð frá Glettinganesi 3.00 sjómíllur eftir ratsjá, og var samtímis gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Dalafjöll

> 27° 05'

Skælingur

> 47° 26'

Glettinganesviti

Kl. 13.50 var varðskipið við hlið togarans, er byrjaði að vinda upp stjórnborðsvörpu sína. Samtímis var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Dalafjöll

> 28° 58'

Skælingur

Dýpi 70 metrar.

> 52° 39'

Glettinganesviti

Samtímis var skipstjóranum tilkynnt, að hann væri stöðvaður vegna landhelgisveiða. Kl. 14.03 var bátur settur út og skipstjóri togarans sóttur og honum bent á, að hann væri að landhelgisveiðum. Viðurkenndi hann, að svo væri, en taldi það óviljaverk vegna þess, að hann hefði verið að tala í talstöð og ekki fylgzt með stjórn skipsins. Hann sagðist hafa fengið 20 körfur af fiski í umræddu „hali“.

Staður sá, er togarinn var stöðvaður á, er að áliti réttarins 1 sjómílu innan landhelgislíunnar.

Samkvæmt eigin játningu ákærða hér í réttinum var hann að toga innan landhelgislínu í umrætt skipti. Er það í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu.

Samkvæmt framansögðu er sannað, að ákærði hefur verið að fiskveiðum með botnvörpu í landhelgi og þar með gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 81/1952, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 82/1952, og varðar það hann refsingu skv. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952.

Þar eð skip ákærða, togarinn British, GY. 249, er samkv. mælingarbréfi 406.33 rúmlestir brúttó, þykir refsing ákærða með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu hæfilega ákveðin kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgisjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innan borðs í togaranum British, G.Y. 249, svo og veiðarfæri hans öll að meðtöldum dragstrengjum skal vera upptækt til Landhelgisjóðs Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Albert Victor Meech, greiði kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgisjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innan borðs í togaranum British, GY. 249, svo og veiðarfæri hans öll að meðtöldum dragstrengjum skal upptækt vera til handa sama sjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.